

Golfklúbburinn Setberg

Félagsfundur

4.6.2025

Tími: 18:00

Formaður GSE, Högni Friðþjófsson, bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins. Gerði tillögu um að fundarstjóri yrði Ingvar Ásmundsson og Eiríkur S. Svavarsson yrði fundarritari. Samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins. Fundarboðun fór fram með lögmætum fyrirvara. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins af hálfu félagsmanna og fundurinn lýstur lögmætur.

Gengið var til dagskrár.

1. Tillaga um samstarf við Golfklúbbinn Keili vegna uppbyggingar á nýjum golfvelli.

Högni Friðþjófsson fór yfir tillöguna og kynningu á aðdraganda þeirrar tillögu sem liggur fyrir fundinum. Einnig var vísað til greinargerðar um málið sem lá fyrir á fundinum og fylgdi með fundarboði.

Högni fór yfir sögu málsins frá síðasta aðalfundi GSE, stofnun starfshóps um nýjan golfvöll og yfir bréf sem GSE sendi starfshópnum í febrúar sl. Jafnframt var farið yfir vilja og ósk starfshópsins og Hafnarfjarðarbæjar um að golfklúbbarnir GSE og Keilir sameinist um verkefnið. Í kjölfar samskipta við starfshópinn fór fram fundur stjórnar, framtíðarnefndar og fulltrúa karla- og kvennaklúbbsins þar sem ákvörðun var tekin um að leggja til samstarf klúbbsins við uppbyggingu á nýjum golfvelli. Högni fór svo yfir sameiginlegt bréf Keilis og GSE sem senda á til starfshópsins. Stjórn mun vinna stefnumótun fyrir starfsemi og stefnu klúbbsins, sem tekur ákveðnum breytingum verði tillagan samþykkt, fyrir næsta aðalfund.

Fundarstjóri opnaði næst fyrir umræðu. Tveir félagsmenn fóru yfir sjónarmið sín í málinu sérstaklega og ýmsir félagsmenn lögðu fram spurningar um málið. Högni formaður svaraði þeim eftir bestu getu. Samandregið voru fundarmenn sammála um að samstarf við Keili um uppbyggingu á nýju golfvallarsvæði væri eini raunhæfi kosturinn í stöðunni til að fá nýja aðstöðu fyrir klúbbinn í náninni framtíð. Jafnframt voru fundarmenn sammála um að fela stjórn klúbbsins að semja um og útfæra samstarfið nánar, líkt og tillagan gerir ráð fyrir, með framkomin sjónarmið, grunnþarfir og hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Þegar mælendaskrá var tæmd las fundarstjóri upp tillöguna sem lá fyrir fundinum. Tillagan er eftirfarandi:

Lagt er til að klúbburinn gangi til samstarfs við Golfklúbbinn Keili vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á nýjum golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar. Lagt er til að stjórn klúbbsins verði falið að semja um og útfæra samstarfið.

Tillagan var borin undir atkvæði. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Engin greiddi atkvæði á móti tillögunni.

2. Tillaga um að lengja tímann sem er frátekinn fyrir karla- og kvennastarfið.

Högni fór yfir tillöguna sem er ákveðinn millivegur milli tveggja sjónarmiða. Mikil þátttaka er á mánudögum og þriðjudögum í karla- og kvennatímana en ákveðinn hluti félaga vill ekki taka þátt í þessu starfi en vill geta spilað á þessum dögum. Tillagan felur í sér að heimilt er að ráðstafa rástímum frá 15:00 til 19:00 á mánudögum og þriðjudögum í þetta starf.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál

Nokkrar fyrirspurnir bárust undir þessum lið. Spurt var hvort rétt væri að merkja tiltekið svæði við flötina á 4. braut með bláum stikum. Þessari ábendingu verður komið til vallarstjóra.

Fyrirspurn varðandi stigann upp á teig á 7. braut og hvenær honum yrði lokið. Upplýst var að framkvæmd stæði yfir og yrði lokið eins fljótt og aðstæður leyfðu.

Fundi slitið kl. 18:48.

Eiríkur S. Svavarsson
fundarritari

Ingvar Ásmundsson
fundarstjóri